

VPPGJÖRIÐ VIÐ SMIÐINN

Svaðilfari virtist þreyttur eftir hamanganginn og honum gekk hægt að draga björgin heim. Þegar langt var liðið á dag sá smiðurinn að með þessu áframhaldi tækist sér ekki að ljúka verkinu í tíma. Hann var fullviss um að æsir hefðu sent merina sem tryllti Svaðilfara og var ákveðinn í að láta hart mæta hörðu.

– Nú kasta ég hamnum og sýni þessum ræflum að ég er ofjarl þeirra, sagði hann við sjálfan sig. Hann tók á öllu sínu, þandist út og óx í báða enda uns hann var orðinn að þeim berggrisa sem hann var í raun og veru. Þá greip hann björgin og fleygði þeim að veggnum.

Æsir sem höfðu fylgst með allan daginn og talið að málinu væri borgið fylltust skelfingu þegar þeir sáu hamskipti smiðsins. Vísast tækist honum að ljúka smíðinni á tilsettum tíma fyrst svona var í pottinn búið.

Það var líkt og æði rynni á þá. – Þetta er berggrisi! Hann hefur verið hér undir fölsku flaggi í allan heila vetur. Hann hefur blekkst okkur en nú er því lokið! æptu þeir.

– Já, nú er því lokið, þrumaði Þór og geystist af stað með hamarinn Mjölni á lofti. Eldingar leiftruðu um himinhvolfið og þrumurnar dundu.

– Nú skal ég gjalda þér smíðakaupið! Ekki munu sól og máni lýsa upp höll þína í jötunheimum og aldrei færðu Freyju, svikarinn þinn! Þú skalt gista Niflheim og hitta þar fyrir þína líka! orgaði hann og fleygði hamrinum í höfuð smiðsins.

Höfuðið tvístraðist og smiðurinn hneig til jarðar.

– Þá er því lokið, þrumaði Þór, stakk hamrinum í pyngju sína og þrumaði inn á Iðavöll.

Af hverju gekk Svaðilfara hægt að draga björgin heim? _____

Hver hélt smiðurinn að hefði sent merina? _____

Í hvað breyttist hann? _____

Hvað gerði hann við björgin? _____

Hvað voru æsir hræddir um að mundi gerast þegar þeir sáu smiðinn breytast?

Hvað hafði smiðurinn viljað fá í kaup? _____

Hvað gerði Þór við smiðinn? _____
